

Thule Trails ehf.
Syðra-Kambhóli
601 Akureyri



Hellu 15. desember 2016
UST201612-010/H.Á.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Fimmvörðuháls

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Thule Trails ehf dags. 1. desember 2016, vegna fyrirhugaðs miðnæturlaups í júní 2017 á gönguleið frá náttúruvættinu Skógafossi yfir Fimmvörðuháls niður í Bása í Þórsmörk og til baka.

Lýsing framkvæmdar:

Skv. erindinu verður byrjað á planinu við þjónustumiðstöðina við Skógafoss og hlaupið eftir gönguleið yfir Fimmvörðuháls niður í Bása í Þórsmörk og aftur sömu leið til baka. Hlaupið fer fram á merktum gönguleiðum á miðnætti. Áætlað er að 20 – 30 manns muni taka þátt í hlaupinu og áætlaður tímafjöldi er 5 – 7 klst. að nóttu til. Í erindiNU segir að mögulega verði sett upp samkomutjald við Skóga til að taka á móti hlaupurum um nóttina. Flutt verða drykkjarföng í skála Útivistar á leiðinni.

Áhrifamat:

Skógafoss og næsta nágrenni hans er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 477/1987. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda góðrar umgengni gætt. Aðeins er heimilt að tjalda á merktum tjaldsvæðum.

Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að framkvæmd hlaupsins muni valda spjöllum á friðlýstum náttúruminum, og rask verði minniháttar ef farið verður að þeim skilyrðum sem sett eru í leyfi þessu. Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti, sbr. 2. tl. reglna um náttúruvættið í auglýsingu nr. 477/1987, að miðnæturlaup verði haldið í júní árið 2017 með eftirfarandi skilyrðum:

Skilyrði

1. Stjórnendur hlaupsins skili Umhverfisstofnun, a.m.k. viku áður en hlaupið hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd hlaupsins. Í áætluninni skal m.a. koma fram, dagsetning hlaupsins, fjöldi þáttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að hlaupi loknu.
2. Stjórnendur hlaupsins tryggji að við þjónustu vegna hlaupsins verði ekki ekið utan vega; að eingöngu verði ekið á merktum vegum.
3. Stjórnendur tryggji að þátttakendur og starfsmenn hlaupsins leggi ekki bílum sínum utan bílastæða.
4. Þátttakendur og starfsmenn hlaupsins haldi sig á gönguleið alla leið frá upphafsstöð að endastöð hlaupsins. Að stjórnendur hlaupsins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á gönguleiðum til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri á Fimmvörðuhálsi.
5. Stjórnendur hlaupsins tryggji að ekki verði skilið eftir neitt rusl á víðavangi, hvorki á/við gönguleiðir, á áningastöðum, né á upphafs- og endastöð. Einnig að tryggt verði að ef merkingar verða notaðar til að merkja hlaupaleiðina að þær verði fjarlægðar strax að hlaupi loknu.


Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði sbr. 2. mgr. 40. gr. í lögum um nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit í tengslum við undirbúning hlaupsins og frágangi á svæðinu. Áætlað er að í það fari 2 klst. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur